

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1203
komudagur 6.3.2014



Bjarnarbraut 2
310 Borgarnes
Sími: 433-7600
Fax: 437-1309

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

28. febrúar 2014.

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996. Þingskjal 459 mál nr. 251.

Undirritaðir aðilar vilja beina því til Allsherjar- og menntamálanefndar alþingis að stuðlað verði að því að embætti lögreglustjórans á Vesturlandi sem og aðallögreglustöðin í hinu nýja sameinaða lögregluumdæmi verði staðsett í Borgarnesi og þar verði staðin sólarhrings vakt.

Rökin fyrir staðsetningu lögreglustjóra Vesturlands í Borgarnesi er miðlægni Borgarness miðað við nýtt sameinað umdæmi sem og að Héraðsdómur Vesturlands er staðsettur í Borgarnesi, sem hefur gefist vel og verið sátt um meðal íbúa Vesturlands.

Rökin fyrir því að aðallögreglustöðin á Vesturlandi sé staðsett í Borgarnesi og þar verði staðin sólarhringsvakt er í fyrsta lagi miðlægni Borgarness í nýju umdæmi. Einnig hlýtur nálægðin við þjóðveg nr. 1 að vega þungt en hringvegurinn liggur í gegnum Borgarnes.

Hingað til hefur uppspretta mála hjá lögreglunni verið að mestu leyti tengd umferðinni um hringveginn sem og síaukinni ferðamennsku innlendra og erlendra ferðamanna og fjölda sumarhúshverfa og tjaldsvæða í Borgarfirði.

Nauðsynlegt er að styrkja enn frekar löggæslu á vegum innan hins nýja umdæmis þar sem umferðin er mest.


Með miðlægni aðallögreglustöðvarinnar í Borgarnesi verður tryggt að aðstoð berist öðrum lögreglustöðvum í umdæminu með sem skjótustum hætti. Þannig verður öryggi íbúanna og annarra sem í umdæminu dveljast best tryggt.

Staðsetja verður aðrar lögreglustöðvar og skipa vöktum og bakvöktum með þeim hætti að íbúar hins nýja lögregluumdæmis á Vesturlandi öllu njóti þjónustu og verndar lögreglunnar með sem jöfnustum hætti. Í því ljósi er lagt til að áfram verði mönnum lögreglustöð í Búðardal eftir umrædda sameiningu.


Stefán Skarphéðinsson sýslumaður Borgarnesi


Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri Borgarbyggðar


Davíð Pétursson oddviti Skotradalshrepps


Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar